

Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur	2
Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2009 – 2012	2
Skólaárið 2009-2010:	2
Skólaárið 2010-2011:	3
Skólaárið 2011-2012:	3
Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2009 – 2010	3
Áfangakannanir	4
Yfirlit áfangakannana síðustu þrjú haust	8
Lýðræðislegt sjálfsmat	10
Þjónustukönnun	10
Tölvur	11
Námsráðgjöf	11
Stjórnun	12
Bókasafn	12
Ýmislegt	13
Störf vinnuhóps um endurskoðun námsskrár í MA	14
Úrbætur	15
Úrbætur sem vinna þarf að strax:	15
Úrbætur sem undirbúa þarf sem fyrst:	15
Næstu skref í sjálfsmatinu:	16
Lokaorð	16

Inngangur

Sjálfsmat við Menntaskólann á Akureyri skólaárið 2009 – 2010 var unnið eftir hefðbundnu vinnulagi þrátt fyrir niðurskurð og samdrátt í fjárhag skólans. Fækkað var um einn nefndarmann í sparnaðarskyni, ekki var fenginn staðgengill vegna veikindaleyfis eins nefndarmanna. Formlegir fundir sjálfsmatsnefndar voru alls 26 auk annarra starfa utan fundartíma. Í sjálfsmatsnefnd sátu Anna Sigríður Davíðsdóttir, Bjarni Guðmundsson, Guðný Guðmundsdóttir og Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir. Sjálfsmatið hefur fyrst og fremst verið unnið á vikulegum fundum á kennslutíma skólans. Hefur það fyrirkomulag reynst vel og verið nokkuð skilvirkt.

Markmið sjálfsmats við framhaldsskóla er meðal annars að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í nýlegum lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að skólar skuli meta árangur skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra þar sem við á. Við Menntaskólann á Akureyri hefur verið reynt að tryggja góða yfirsýn yfir skólastarfið með fjölbreyttum matsaðferðum og aðkomu sem flestra að sjálfsmatinu.

Í samantekt frá Hagstofunni kemur fram að rúm 82% þeirra sem luku stúdentsprófi frá MA 1996 hafa einnig lokið háskólaprófi frá íslenskum háskóla. Erfitt er að nálgast tölur um útskriftir frá útlendum háskólum en víst er að hlutfall útskrifaðra er enn hærra. Verða þetta að teljast góð tíðindi. Menntaskólinn á Akureyri undirbýr langstærstan hluta nemenda sinna fyrir frekara nám og hvatning og metnaður mikilvæg heimanfylgja.

Starfsáætlun sjálfsmatsnefndar 2009 – 2012

Skólaárið 2009-2010:

Október: Undirbúa þjónustukönnun til nemenda: Bókasafn, stjórnun, afgreiðsla, tölvur, námsráðgjöf, umsjónarkennarar. Eldri gögn yfirfarin.

Nóvember: Undirbúa áfangamat í stærðfræði, náttúrufræði og upplýsingatækni, Lýðræðislegt sjálfsmat rætt á kennarafundi.

Desember: Áfangamat lagt fyrir í stærðfræði, náttúrufræðigreinum, upplýsingatækni.

Febrúar: Leggja fyrir þjónustukönnun.

Mars: Unnið úr þjónustukönnun, Samstarf við VENMA.

Apríl: Undirbúa áfangamat í stærðfræði, náttúrufræðigreinum, upplýsingatækni.

Mái: Áfangamat í stærðfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2010-2011:

Haustönn: Könnun á aðbúnaði og líðan starfsfólks. Skoða stjórnunarhætti vegna breytinga á námsgreinastjórn.

Vorönn: Hlýtt á starfsfólk á þorrastefnu.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Skólaárið 2011-2012:

Haustönn: Endurskoðun á áfangakönnunum félagsgreina og þær lagðar fyrir. Könnun á líðan nemenda.

Vorönn: Hlýtt á nemendur. Áfangakannanir félagsgreina.

Júní: Unnið að umbótaáætlun, farið yfir starf sjálfsmatsnefndar á skólaárinu og skýrsla skrifuð.

Starf sjálfsmatsnefndar við MA skólaárið 2009 – 2010

Skólaárið 2009 – 2010 var fundartíminn fluttur á mánudagsmorgna. Var það fyrst og fremst vegna stundatöflumála en það er þó mat nefndarmanna að tímasetningin er að mörgu leyti góð svona í vikubyrjun. Fyrsti fundur sjálfsmatsnefndar var 21. september.

Fyrsta verkefni sjálfsmatsnefndar var að taka saman grunnupplýsingar til að setja á vef skólans um sjálfsmatið. Þriggja ára starfsáætlun var sett saman í byrjun skólaárs og vetrardagskráin ákveðin. Lýðræðislegt sjálfsmat var lagt til hliðar vegna samdráttar í rekstri skólans en kennarar hvattir til að skoða t.d. áfangakannanir og hvort þær gæfu tilefni til endurmats.

Hefðbundnar áfangakannanir voru gerðar í stærðfræði og náttúrufræði. Þær fóru fram í desember og maí. Kannað var viðhorf nemenda til rúmlega 40 áfanga á hvorri önn fyrir sig, alls um 85 áfanga. Á haustdögum var sett saman þjónustukönnun til að skoða aðra

þætti skólastarfsins en kennslu. Sú könnun var svo send öllum nemendum MA í mars 2010.

Um miðjan október 2009 fundaði sjálfsmatsnefnd með fulltrúa frá Lundi, heimavist menntaskólanna. Þar var rætt um mögulegar skýringar á brotthvarfi frá námi við MA en í samantekt sem sjálfsmatsnefndin vann árið á undan kom fram að drengir á heimavist virðast vera sá hópur sem helst hverfur frá námi við MA.

Í nóvember 2009 kynnti sjálfsmatsnefnd niðurstöður sjálfsmats 2008 – 2009 á kennarafundi. Þar var farið yfir helstu úrbótatillögur skýrslunnar og framhaldið rætt.

Í maí 2010 fundaði sjálfsmatsnefnd með fulltrúum vinnuhóps um endurskoðun námsskrár í MA (VENMA) vegna breytinga á skólastarfi næsta vetur. Þeim þarf að fylgja eftir með umfangsmiklu mati næsta vetur.

Áfangakannanir

Að þessu sinni voru lagðar fyrir áfangakannanir í stærðfræði og náttúrufræði, fyrst í desember 2009 og aftur í maí 2010. Í desember var viðhorf nemenda til 44 áfanga kannað. Alls voru sendir 1051 spurningalistar og svör bárust við 845 eða 80%. Í maí voru sendir 951 spurningalistar sem tóku til 42 áfanga. Að þessu sinni varð svörun dræm. Aðeins 613 svör bárust eða 64%. Minni skil á spurningalistum er líklegast hægt að skýra með því að sjálfsmatsnefnd ákvað að fara ekki í bekki og sækja nemendur til að svara spurningalistum í tölvustofu eins og gert hefur verið undanfarin ár. Kennarar voru hvattir til þess að minna nemendur sína á kannanirnar og upplýsingatæknikennarar gáfu nemendum í 1. bekk tólm til að svara sínum könnunum í tíma. Könnunin var ítrekuð við nemendur og framlengd um viku en það nægði ekki til að auka svörun.

Ég tek virkan þátt í tímum í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	256 (30%)	195 (32%)
Frekar sammála	364 (43%)	264 (43%)
Hvorki sammála né ósammála	145 (17%)	105 (17%)
Frekar ósammála	57 (7%)	32 (5%)
Mjög ósammála	23 (3%)	15 (2%)

Ég sinni heimanámi vel í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	156 (18%)	132 (22%)
Frekar sammála	286 (34%)	232 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	214 (25%)	132 (22%)
Frekar ósammála	136 (16%)	82 (13%)
Mjög ósammála	53 (6%)	32 (5%)

Líðan mín í áfanganum er góð	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	321 (38%)	221 (36%)
Frekar sammála	308 (36%)	216 (35%)
Hvorki sammála né ósammála	132 (16%)	104 (17%)
Frekar ósammála	64 (8%)	44 (7%)
Mjög ósammála	20 (2%)	25 (4%)
Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	140 (17%)	112 (18%)
Frekar sammála	336 (40%)	230 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	216 (26%)	153 (25%)
Frekar ósammála	113 (13%)	89 (15%)
Mjög ósammála	37 (4%)	25 (4%)
Ég tel að kennarinn undirbúi kennsluna vel í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	367 (44%)	242 (40%)
Frekar sammála	303 (36%)	201 (33%)
Hvorki sammála né ósammála	123 (15%)	97 (16%)
Frekar ósammála	36 (4%)	35 (6%)
Mjög ósammála	14 (2%)	34 (6%)
Ég er sátt(ur) við framkomu kennarans	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	447 (53%)	283 (46%)
Frekar sammála	249 (30%)	186 (31%)
Hvorki sammála né ósammála	93 (11%)	77 (13%)
Frekar ósammála	41 (5%)	31 (5%)
Mjög ósammála	14 (2%)	32 (5%)
Kennsla hefst yfirleitt stundvíslega í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	497 (59%)	275 (45%)
Frekar sammála	260 (31%)	209 (34%)
Hvorki sammála né ósammála	61 (7%)	62 (10%)
Frekar ósammála	21 (2%)	37 (6%)
Mjög ósammála	4 (0%)	28 (5%)
Kennslustundir eru vel skipulagðar í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	395 (47%)	258 (42%)
Frekar sammála	292 (35%)	187 (31%)
Hvorki sammála né ósammála	92 (11%)	101 (17%)
Frekar ósammála	44 (5%)	36 (6%)
Mjög ósammála	20 (2%)	28 (5%)

Kennarinn hvetur mig áfram í áfanganum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	237 (28%)	161 (26%)
Frekar sammála	280 (33%)	184 (30%)
Hvorki sammála né ósammála	215 (25%)	176 (29%)
Frekar ósammála	86 (10%)	56 (9%)
Mjög ósammála	26 (3%)	34 (6%)
Kennarinn kemur efninu vel til skila	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	304 (36%)	205 (34%)
Frekar sammála	260 (31%)	199 (33%)
Hvorki sammála né ósammála	131 (16%)	103 (17%)
Frekar ósammála	98 (12%)	52 (9%)
Mjög ósammála	48 (6%)	52 (9%)
Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	374 (44%)	237 (39%)
Frekar sammála	255 (30%)	196 (32%)
Hvorki sammála né ósammála	125 (15%)	89 (15%)
Frekar ósammála	61 (7%)	53 (9%)
Mjög ósammála	28 (3%)	35 (6%)
Mér finnst efni áfangans áhugavert	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	181 (21%)	155 (25%)
Frekar sammála	254 (30%)	207 (34%)
Hvorki sammála né ósammála	205 (24%)	135 (22%)
Frekar ósammála	119 (14%)	68 (11%)
Mjög ósammála	85 (10%)	45 (7%)
Mér finnst námsmatið í áfanganum sanngjarnt	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	206 (24%)	159 (26%)
Frekar sammála	370 (44%)	231 (38%)
Hvorki sammála né ósammála	200 (24%)	151 (25%)
Frekar ósammála	52 (6%)	41 (7%)
Mjög ósammála	13 (2%)	28 (5%)
Ég tel námsmat í áfanganum endurspeglar áherslur í kennslunni	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	163 (19%)	126 (21%)
Frekar sammála	325 (39%)	214 (35%)
Hvorki sammála né ósammála	299 (36%)	217 (36%)
Frekar ósammála	44 (5%)	41 (7%)
Mjög ósammála	10 (1%)	11 (2%)

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í umræðum eða spyrja spurninga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	270 (32%)	179 (29%)
Frekar sammála	263 (31%)	168 (28%)
Hvorki sammála né ósammála	184 (22%)	153 (25%)
Frekar ósammála	89 (11%)	68 (11%)
Mjög ósammála	37 (4%)	41 (7%)
Mér finnst álag í áfanganum hæfilega mikið	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	200 (24%)	128 (21%)
Frekar sammála	334 (40%)	255 (42%)
Hvorki sammála né ósammála	187 (22%)	117 (19%)
Frekar ósammála	87 (10%)	78 (13%)
Mjög ósammála	34 (4%)	31 (5%)
Samskipti nemenda í áfanganum eru góð	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	314 (37%)	227 (37%)
Frekar sammála	350 (42%)	247 (40%)
Hvorki sammála né ósammála	140 (17%)	98 (16%)
Frekar ósammála	29 (3%)	23 (4%)
Mjög ósammála	10 (1%)	16 (3%)
Vinnufriður í bekknum er góður í þessum áfanga	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	227 (27%)	169 (28%)
Frekar sammála	332 (39%)	218 (36%)
Hvorki sammála né ósammála	127 (15%)	105 (17%)
Frekar ósammála	98 (12%)	71 (12%)
Mjög ósammála	59 (7%)	45 (7%)
Mér finnst námsgögn í áfanganum góð	Haustönn	Vorönn
Mjög sammála	221 (26%)	154 (25%)
Frekar sammála	316 (38%)	234 (39%)
Hvorki sammála né ósammála	209 (25%)	149 (25%)
Frekar ósammála	54 (6%)	46 (8%)
Mjög ósammála	39 (5%)	21 (3%)

Nemendum gafst kostur skrifa athugasemdir við áfangana, ýmist það sem þeir vildu segja jákvætt um áfangann og það sem þeir töldu að betur mætti fara. Tæplega 700 svör voru á haustönn en ekki nema um 300 á vorönn.

Það sem jákvætt þótti má skipta í meginatriðum í eftirfarandi flokka:

Efnið áhugavert
Kennsluaðferðir fjölbreyttar og skemmtilegar
Kennarinn útskýrir vel
Kennarinn nær vel til nemenda
Auðvelt að spyrja kennarann og fá hjálp
Góðar glósur
Skemmtilegur kennari, gaman í tímum
Kennarinn hefur áhuga á efninu
Skipulagðir tímar

Það sem þykir athugavert eða má betur fara er í grófum dráttum eftirfarandi:

Vinnan í áfanganum of mikil miðað við einingafjölda
Kennari ekki með áhuga á efninu eða kennslunni
Erfitt að biðja um hjálp
Andfýla eða vond lykt af kennara
Vantar dæmatíma, of lítill tími til að æfa sig
Of fjölmennur hópur
Of mikill kliður/hávaði, kennarinn ekki með stjórn á hópnum
Vantar skipulag, óljós áhersluatriði, glósur ekki nógu skipulagðar
Kennarinn útskýrir lítið
Efnið óáhugavert
Of hratt farið yfir
Námsmat; lokapróf gildir of mikið/of mörg próf á önninni
Efnið/bækurnar ekki áhugavert
Ekki farið yfir tímapróf með nemendum

Yfirlit áfangakannana síðustu þrjú haust

Undanfarin þrjú haust hafa formlegar áfangakannanir verið lagðar fyrir í öllum bóklegum greinum á þremur brautum skólans; mála- félags- og náttúrufræðibraut. Haustið 2007 var kannaður hugur nemenda til félagsgreinaáfangana og var svörun 78% (635/807). Haustið 2008 voru lagðar fyrir áfangakannanir í tungumálum, þar með íslensku og var svörun 80% (840/1040). Haustið 2009 voru áfangar í náttúru- og stærðfræði kannaðir meðal nemenda og var svarhlutfall 80% (845/1040). Tölur í sviga sýna fjölda svara af útsendum könnunum, margir nemendur voru að svara tveimur og þremur áfangakönnunum í hvert skipti. Hér á eftir eru nokkur svör sem snúa beint að nemendum sjálfum dregin saman. Til einföldunar voru svarmöguleikar flokkaðir í þrjá flokka í stað fimm.

Ég sinni heimanámi vel í áfanganum.

	Sammála	Hvorki né	Ósammála
Félagsgreinar 2007	45%	31%	24%
Tungumál 2008	54%	22%	24%
Náttúru- og stærðfræði 2009	53%	25%	22%

Líðan mín í áfanganum er góð.

	Sammála	Hvorki né	Ósammála
Félagsgreinar 2007	83%	14%	3%
Tungumál 2008	68%	20%	12%
Náttúru- og stærðfræði 2009	74%	16%	10%

Ég geri ráð fyrir góðum árangri í þessum áfanga.

	Sammála	Hvorki né	Ósammála
Félagsgreinar 2007	65%	28%	7%
Tungumál 2008	57%	30%	13%
Náttúru- og stærðfræði 2009	57%	26%	17%

Kennarinn hvetur mig áfram í áfanganum.

	Sammála	Hvorki né	Ósammála
Félagsgreinar 2007	57%	32%	11%
Tungumál 2008	58%	27%	15%
Náttúru- og stærðfræði 2009	62%	25%	13%

Mér finnst efni áfangans áhugavert.

	Sammála	Hvorki né	Ósammála
Félagsgreinar 2007	59%	21%	20%
Tungumál 2008	37%	29%	34%
Náttúru- og stærðfræði 2009	51%	24%	24%

Þessar tölur gefa kannski ekki mikið tilefni til greiningar. Hér eru svör þriggja ára, nemendahópurinn að einhverju leyti sá sami, síst þó milli árána 2007 og 2009. Eins og sést telur tæplega fjórðungur nemenda sig ekki sinna heimanámi vel. Kannski á spurningin ekki við í sumum áföngum og þess vegna svarað svona. Líðan nemenda í áföngum er almennt góð og stór hluti gerir ráð fyrir góðum árangri í áfanganum sínum. Þetta á einkum við nemendur félagsgreina. Nemendur telja kennara hvetja sig áfram í náminu og sérstaklega á það við í náttúru- og stærðfræði. Helst eru sláandi tölur varðandi efni áfanganna. Það þykir ekki alltaf áhugavert og sérstaklega koma tungumál illa út þar.

Lýðræðislegt sjálfsmat

Fresta varð vinnu við lýðræðislegt sjálfsmat vegna þröngs fjárhags. Engir námsgreinastjórar voru ráðnir þetta skólaárið vegna sparnaðar. Því voru engir ábyrgðarmenn í deildum til að halda utan um þennan lið. Kennarar voru þó hvattir á kennarafundi í haust til þess að sinna sjálfsmatinu á einhvern hátt enda hluti starfsins að skoða og endurmeta.

Í tengslum við lýðræðislega sjálfsmatið hafa Phenelope Lisi og Sigurlína Davíðsdóttir fylgst með og stutt ýmsa faglega þætti þess. Þær komu í eina heimsókn að hausti til að ræða málin. Bjarni og Sigurlaug hittu þær svo nokkrum dögum seinna í Flensborgarskólanum ásamt öðru skólafólki sem unnið hefur að sams konar sjálfsmati. Til stóð að Phenelope Lisi kæmi aftur á fund með skólafólki í Reykjavík sem MA var boðið að sækja líka en vegna eldgosa og verkfalla aflýsti hún komu sinni.

Þjónustukönnun

Könnunin var gerð í marsbyrjun 2010 og svöruðu alls 459 af 767 nemendum skólans, svarhlutfall var því 60% rétt tæp. Upphaflega átti svartími að vera vika. Strax eftir að könnun hafði verið send út kom í ljós að dreifing pósthjónsins til nemenda var hæg. Var brugðið á það ráð að lengja svartíma um viku til þess að fá fleiri svör. Svörun dreifðist á kyn, bekki og brautir í samræmi við fjölda og samsetningu nemendahópsins og verður því að teljast gefa nokkuð góða mynd af skoðun nemenda MA á þeim atriðum sem könnuð voru.

Að þessu sinni var mestri athygli beint að tölvuþjónustu og bókasafni skólans. Einnig var leitað eftir álitni nemenda á stjórnun, námsráðgjöf og ýmissi aðstöðu annarri.

Tölvur

Í könnuninni kom í ljós að 22% nemenda nota tölvur daglega í skólanum og önnur 32% við sérstök verkefni. Tæplega helmingur nemenda notar fartölvur vikulega eða sjaldnar. Stærstur hluti nemenda eða 77% nemenda skoðar póst frá MA daglega og nær allir aðrir líta á hann tvisvar til þrisvar í viku. Þeir sem nota fartölvu að einhverju marki finnst hún nýtast vel við námið eða 84%. Um 16% finnst hún ekki nýtast í náminu. Þeir sem ekki eru með fartölvu í skólanum skiptust í tvo nákvæmlega jafnstóra hópa þegar þeir voru spurðir hvort þeir vildu hafa fartölvu. Langflestir þeirra sem nota fartölvur telja þær til bóta við námið. Hins vegar eru margir sem telja þær trufla og ekki síður aðra nemendur í kringum notandann.

Rúmlega 70% nemenda finnst tölvuaðstaða góð, um 13% finnst hún slæm en 15% telja hana hvorki góða né slæma. Rétt rúmlega helmingur telur gott að fá aðstoð ef vandamál koma upp í tölvu hjá þeim, tæplega helmingur segir það hvorki gott né slæmt og 15% segja erfitt að fá aðstoð. Flestir finna alltaf þær upplýsingar sem þeir leita að á heimasíðu skólans eða 49%, rúm 40% segjast finna þær stundum og sjaldan 6%.

Nemendur eru almennt óhressir með nýtt stýrikerfi og Open Office hugbúnaðinn sem byrjað var að keyra á tölvukerfi skólans í haust. Við spurningu um hvernig tölvukerfi MA reynist koma fram þrjú sjónarhorn. Rúm 35% telja tölvukerfið reynast vel, önnur rúm 35% telja það reynast illa og 27% segja það hvorki reynast vel né illa. Mjög margar neikvæðar athugasemdir voru gerðar við kerfið í opnu spurningunum sem fylgdu þessum hluta.

Námsráðgjöf

Af þeim sem svöruðu segjast 57% hafa sótt þjónustu námsráðgjafa. 41% telja árangurinn af þeim viðtölum hafa verið að mestu leyti eða dálitlu leyti góðan en 36% merkja við valkostinn veit ekki. Þar merkja væntanlega helst við þeir nemendur sem ekki hafa sótt þjónustu námsráðgjafa. 15% telja að viðmót námsráðgjafa sé hvorki gott né slæmt eða að dálitlu leyti/mestu leyti slæmt. Engar frekari spurningar voru um þetta atriði svo erfitt er að draga af því miklar ályktanir. Aðeins 4% nemenda segja að erfitt (dálitlu leyti/mestu leyti) sé að ná viðtali hjá námsráðgjafa.

Aðeins 28% svarenda segjast hafa leitað til umsjónarkennara síns vegna annars en kennslugreinar sem hann kennir. Mikill meirihluti þeirra sem það hafa gert segir að umsjónarkennarinn hafi getað aðstoðað. E.t.v. endurspeglast þetta í því að innan við helmingur nemenda telur hlutverk umsjónarkennara vera gagnlegt eða mjög gagnlegt (47%). Almennt virðast nemendur vera meðvitaðir um mikilvægi miðannarmats og segja 65% nemenda það vera gagnlegt eða mjög gagnlegt í 1. og 2. bekk. Ef rýnt er í tölur eftir bekkjum sést að flestir telja umsjónarkennslu gagnlega á fyrstu tveimur árunum. Áhugavert er að eldri nemendur vilja ekki ganga svo langt að telja umsjónarkennara lítið eða ekki gagnlega og merkja frekar við möguleikann hvorki né.

Stjórnun

Spurt var tveggja spurninga um stjórnendur, annars vegar hvernig nemendum gengi að ná viðtali við þá og hins vegar hversu sýnilegir nemendum þykir þeir vera (finna fyrir því að þeir séu á staðnum).

Töluverður hluti nemenda segist ekki hafa þurft að hafa samband við stjórnendur; 55% hafa ekki þurft að hafa samband við skólameistara, 35% ekki við aðstoðarskólameistara og 39% ekki við brautarstjóra. Ekki er hægt að segja að þeim sem hafa þurft að tala við stjórnendur þyki mjög erfitt að ná tali af þeim, 6% merkja við valkostinn „hvorki gott né slæmt“ eða að dálitlu leyti erfitt hjá skólameistara, 8% hjá aðstoðarskólameistara og 12% hjá brautarstjórum. Brautarstjórar eru ekki nema í hlutastarfi og því ekki óeðlilegt að þessi tala sé hærri hjá þeim. 29% segja að mestu leyti auðvelt að ná sambandi við brautarstjóra, 37% við aðstoðarskólameistara og 22% við skólameistara.

Sýnileiki skólameistara er mjög mikill og nemendur sammála um að þeir finni fyrir því að hann sé á staðnum. 52% merkja við valkostinn mjög mikill sýnileiki og 36% við mikill eða 88% alls sem hlýtur að teljast afar jákvætt. Sýnileiki annarra stjórnenda er miklu minni og er e.t.v. eitthvað sem þeir ættu að bæta úr. 43% nemenda merkja við að sýnileiki aðstoðarskólameistara sé mikill eða mjög mikill en 16% nemenda að hann sé lítill eða mjög lítill. 27% nemenda segja sýnileika brautarstjóra vera mikinn eða mjög mikinn en 32% að hann sé lítill eða mjög lítill. Það er þó ekki skrítið, brautarstjórar voru t.d. ekki búnir að ganga í bekki til að kynna brautarval í 1. bekk eða valgreinar í efri bekkjum þegar könnunin var gerð, svo svörunin hefði eflaust orðið með aðeins öðrum hætti ef hún hefði verið gerð seinna á önninni.

Bókasafn

Almennt eru nemendur ánægðir með bókasafn skólans og þjónustu þess. Helmingur nemenda notar safnið að minnsta kosti vikulega. Nokkrir leggja til lengri opnunartíma á föstudögum. Nemendur eru sáttir við vinnufrið á safninu en nokkrir nefna truflun vegna hópvinnu en jafnframt aðstöðuleysi við hópvinnu á safninu. Fáeinir leggja til að safnið fái sófa eða hægindastóla.

Í þjónustukönnuninni voru sex lokaðar spurningar sem tengdust bókasafninu og tvær opnar spurningar. Í ljós kom að tiltölulega fáir nemendur koma á bókasafnið á degi hverjum eða 14% nemenda en 35% nemenda nýta það vikulega eða oftar. Tæpur helmingur nemenda notar bókasafnið einstaka sinnum og 2% segjast aldrei stíga þar inn fæti. Spurt var hvernig nemendum fyndist viðmót bókasafnsfræðinganna og er óhætt að halda því fram að nemendur hafi verið sáttir við framkomu bókavarda því 84% töldu viðmótið vera að mestu eða dálitlu leyti gott en aðeins 3% að dálitlu leyti eða að mestu leyti slæmt. Meirihluta nemenda taldi sig fá nægilega aðstoð hjá bókasafnsfræðingunum eða 78% nemenda á meðan 7% nemenda vildu meiri aðstoð. Nemendur eru einnig ánægðir með aðstöðu til þess að læra (eða sitja og lesa) á bókasafninu því aðeins 1% nemenda telja aðstöðuna ekki nógu góða.

Skiptari skoðanir eru hins vegar á vinnufriði og aðstöðu til þess að vinna hópvinnu á bókasafninu. Þar merktu 23% nemenda við að hópvinnuaðstaðan væri að einhverju leyti slæm og 21% nemenda voru óvissir um afstöðu sína. Meirihluti nemenda er reyndar sáttur við vinnufriðinn á bókasafninu en þó merktu 15% nemenda við valmöguleikann „hvorki góður né slæmur” og 8% svarenda voru þeirrar skoðunar að vinnufriðurinn væri ekki nógu góður. Þessi óánægja endurspeglast í skrifum nemenda í opnu spurningunum en þar fá nemendur tækifæri til þess að tjá sig að vild um bókasafnið. Flestar athugasemdir nemenda um bókasafnið snérust einmitt um hópvinnu og vinnufrið á bókasafninu og má segja að þær endurspegli ákveðna togstreitu um hvert hlutverk bókasafnsins eigi að vera. Þannig finnst sumum nemendum að á bókasafninu eigi að ríkja friður og ró svo hægt sé að læra og lesa í góðu næði. Aðrir nemendur kvarta undan því að lítil aðstaða sé til þess að vinna hópvinnu og sífellt sé verið að sussa á nemendur sem eru á kafi við að vinna saman. Til dæmis skrifar einn nemandi að „aðstaðan til að vinna hópvinnu á bókasafninu er góð en mjög erfitt að vinna í hópverkefni þegar sífellt er sussað á mann. Frekar erfitt að vinna saman ef maður má ekki tala (hvíslast) á”. Annar nemandi nefnir hins vegar að það þurfi „að brýna fyrir nemendum sem eru á bókasafninu að þetta er staður til að læra á, ekki spjalla. Mér finnst sjaldan sá vinnufriður sem ég sækist eftir ef ég ætla að læra á bókasöfnum vera á bókasafninu í MA”.

Ýmislegt

Nemendur voru almennt mjög ánægðir með viðmót starfsfólks í afgreiðslu á Hólum. Um 70% nemenda svaraði því til að viðmót væri að mestu leyti gott, 21% að dálitlu leyti gott og 6% að viðmót væri hvorki gott né slæmt.

Þrátt fyrir að flestir (um 60%) séu ánægðir að mestu eða dálitlu leyti með úrvalið í nemendasjoppunni voru þó nokkrir sem kalla eftir meira úrvali og þá sérstaklega í hollari kantinum.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar leita flestir nemendur, eða 60%, til heimilislæknis síns ef þeir þurfa á slíkri aðstoð að halda. 27% nemenda hafa ekki þurft á slíkri aðstoð að halda en 7% nemenda sem hafa þurft á lækni að halda vita ekki hvert þeir eiga að leita.

Nemendur eru mjög sáttir við aðstöðu og þrif og hæla ræstingum. Aðstaða í Kvos er gagnrýnd og margir telja að dýnum þar mætti fjölga.

Þegar nemendur voru spurðir um aðstöðu til að hengja upp yfirhafnir og geyma útiskó kom í ljós að yfir 80% þeirra eru ánægðir með aðstöðuna til að bæði hengja af sér yfirhafnir og koma frá sér útiskóm. 10% nemenda svöruðu því til að aðstaðan væri hvorki góð né slæm og einungis í kringum 5% voru óánægð. Í opnu spurningunum sem boðið var upp á komu fram ábendingar um að fjölga mætti myndavélum til að koma í veg fyrir þjófnaði á yfirhöfnum og skóm, og einnig voru nokkrir sem kvörtuðu undan þrengslum.

Tæp 70% nemenda segist vera að mestu eða dálitlu leyti ánægð með umgengnina í Kvosinni. 18% nemenda eru hvorki ánægð né óánægð með umgengnina en mjög fáir eða einungis 2% nemenda finnst umgengni í Kvosinni að mestu leyti slæm. Þegar kemur að aðstöðu í Kvosinni eru aðeins tæp 60% nemenda sem finnst aðstaðan að mestu eða dálitlu leyti góð. Það sem nemendur helst kvarta yfir er að það sé óþægilegt að sitja þar til lengdar. Þetta mætti leysa með því að fá fleiri dýnur sem þau gætu setið á. Einnig ber á athugasemdum um að það sé kalt í Kvosinni.

Niðurstöður sýna að almennt eru nemendur eða yfir 90% ánægðir með bæði umgengni og aðstöðu á snyrtingum skólans.

Þriðjungur nemenda sem svarar könnuninni er í fastri áskrift í mötuneytinu, annar þriðjungur borðar þar stundum og sá þriðji aldrei. Hægt var að gefa umsögn um matinn í mötuneytinu í opinni spurningu og er ekki annað hægt að segja en að almennt komi fram mikil ánægja með hann. Helst voru það eldri nemendur sem höfðu eitthvað út á matinn að setja, t.d. segir einn: „Mér persónulega finnst hann ekki vera fyrsta flokks hráefni og alltof óhollur.”

Flestir sem gefa umsögn hrósa matnum og starfsfólkinu: „Frábært mötuneyti, frábær matur og ódýrt og þægilegt”, „Það er oftast góður matur þar. Flott úrval í salatbarnum”, „Mjög góður matur og mjög góð þjónusta og framkoma starfsfólks”.

Störf vinnuhóps um endurskoðun námskrár í MA

Um áramótin 2008 – 2009 tók til starfa vinnuhópur um endurskoðun námskrár í Menntaskólanum á Akureyri (VENMA). Formaður hópsins er Valgerður S. Bjarnadóttir kennari við skólann. Sjálfsmatsverkefnið Hlýtt á nemendur sem fór fram á vordögum 2009 var unnið í samstarfi við VENMA. Niðurstöður þess eru mikilvægt innlegg í það breytingarferli sem ráðast á í næsta haust.

Sótt var um styrki í Sprotasjóð og til Menntamálaráðuneytis vegna innleiðingar nýrrar námskrár haustið 2010 og fengust 16 milljónir til þessa. Eitt af skilyrðum styrksins er mikið og gott mat á breytingarferlinu. Ljóst er að ráða þarf í hlutastarf matsmann til að fylgja breytingunum eftir. Sá þarf að vera í góðu samstarfi við sjálfsmatsnefnd MA.

Um miðjan maí 2010 mættu tveir fulltrúar frá VENMA til að ræða þessi mál. Sjálfsmatsnefnd telur sig geta komið að mati á áföngum, stýrt rýnihópi kennara og metið velgengnisdaga. Mikilvægt er að meta störf kennara sem vinna verkefnið og skoða breytingarnar í ljósi skólasýnar og markmiða Menntaskólans á Akureyri.

Úrbætur

Úrbætur sem vinna þarf að strax:

1. Tölvukerfi skólans þarf að kynna vel og þjálfra nemendur og starfsmenn markvisst í notkun þess. Vinna þarf að úrbótum á kerfisgöllum og hafa tæki og hugbúnað tilbúin til notkunar við skólabyrjun. Mikill tími nemenda og starfsmanna fer í bið vegna bilana og ófyrirséðra vandamála í tölvukerfi.
2. Efla þarf fjölbreyttar kennsluaðferðir og aðferðir við námsmat. Kemur það ekki aðeins nemendum til góða heldur ætti það að styrkja stöðu kennara og vinna gegn starfsleiða sem örlar á ef marka má svör nemenda um hvað betur mætti fara í kennslunni.
3. Kynna þarf þjónustu skólalæknis betur fyrir nemendum. Fæstir nemendur vita af lækniþjónustu á vegum skólans og margir nemendur telja sig ekki hafa fullnægjandi aðgang að heilbrigðisþjónustu.
4. Sýnileiki stjórnenda er ekki talinn nægilegur í þjónustukönnun. Skólameistara þekkja nær allir nemendur en þegar kemur að öðrum stjórnendum segjast nemendur lítið sjá af þeim. Þetta er hægt að laga með til dæmis heimsóknum viðkomandi stjórnenda í kennslustundir að haustinu.
5. Aðstaða til hópvinnu í skólanum er erfið. Kvosin er talsvert nýtt en þar er ónæðissamt. Hópvinnu fylgir erill sem ekki á heima í lesnæði bókasafnsins en gagnaöflun við verkefnavinnu er oft tengd bókasafnskosti. Kanna þarf breytingar á aðstöðu bókasafnsins og/eða skólans svo hún nýtist til hópvinnu að einhverju leyti.
6. Aðstöðu í Kvos þarf að laga. Dýnum þarf að fjölga ásamt borðum og stólum. Einnig þarf að koma í veg fyrir kuldagjóstur sem næðir þar um. Í verslun nemenda þarf að huga að hollara vöruúrvali.

Úrbætur sem undirbúa þarf sem fyrst:

- Huga þarf að breytingum á skólaári MA. Gildistöku nýrra laga um framhaldsskóla var frestað að hluta og því bætast ekki við skóladagar fyrr en árið 2015.
- Ný skólasýn hefur verið samþykkt. Í henni er tiltekið að kennsluaðferðir og námsmat eigi að vera fjölbreytt. Nauðsynlegt er að útfæra frekar í hverju þessi fjölbreytni er fólgin og fylgja því eftir.

Næstu skref í sjálfsmatinu:

Ráðinn hefur verið matsfulltrúi vegna nýs Íslandsáfanga og velgengnisdaga. Hann mun starfa með sjálfsmatsteymi MA næsta skólaár vegna innleiðingar nýrrar námskrár.

Áfangakannanir í íþróttum og Íslandsáfanga þarf að leggja fyrir í lok beggja anna skólaársins 2010-2011. Einnig þarf að meta framkvæmd og útkomu velgengnisdaga.

Hlýða þarf á starfsmenn Menntaskólans á Akureyri sérstaklega varðandi aðbúnað og líðan. Það verður væntanlega gert á þorrastefnu 2011.

Lokaorð

Mat á skólastarfi Menntaskólans á Akureyri hefur undanfarin ár fylgt fyrirfram settu skipulagi. Það hefur auðveldað yfirsýn og gert kleift að fylgjast með kennslu, þjónustu, líðan og námumhverfi á kerfisbundinn hátt. Skipulagið hefur ekki verið svo rígnelegt að þurft hefur að fylgja blint öllum fyrirfram ákveðnum þáttum. Mögulegt hefur verið að bæta inn nauðsynlegum nýjungum og þróa sjálfsmatið samhliða breytingum á skólastarfi og nýjum þörfum. Með innleiðingu nýrrar námskrár og breytingum á áföngum við MA þarf sjálfsagt að hnika einhverju til við tilhögun sjálfsmatsins. Mikilvægt er að tapa ekki þeirri góðu innsýn í skólastarfið sem vel skipulagt sjálfsmat veitir.

September 2010, Menntaskólanum á Akureyri

Anna Sigríður Davíðsdóttir

Bjarni Guðmundsson

Guðný Guðmundsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir